

## REGLUR

### um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Alþjóðamálastofnun er rannsóknar-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er við Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir háskólaráð og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsókna. Innan stofnunarinnar starfar Rannsóknasetur um smáríki, sbr. 3. gr.

Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka þátt í stjórn stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi sem staðfestur er af háskólaráði. Heimilt er að veita öðrum samtökum í atvinnulífi og opinberum aðilum aðild að samstarfssamningnum.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk.*

Hlutverk Alþjóðamálastofnunar er:

- a. að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila,
- b. að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila á sviði alþjóðamála og vera meðal annars leiðandi í rannsóknum á smáríkjum,
- c. að vinna að rannsóknaverkefnum meðal annars í samstarfi við erlenda aðila,
- d. að treysta samvinnu milli samstarfsaðila í þágu þverfaglegs náms, efla skilning á þeim hagsmunum sem þverfaglegu námi tengjast og stuðla að auknum fjölda námskeiða um smáríki í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi,
- e. að auka möguleika námsmanna og kennara til náms- og kennsluskipta,
- f. að gangast fyrir símenntunarnámskeiðum, ráðstefnum, umræðufundum og fyrirlestrum um efni sem varða starfssvið stofnunarinnar og
- g. að vinna að útgáfu rita um alþjóðamál með því að stofna ritrýnd tímarit á vefnum, meðal annars um smáríki.

#### 3. gr.

##### *Skipulag.*

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar innan Alþjóðamálastofnunar.

Alþjóðamálastofnun getur ákveðið að setja á fót önnur rannsóknasetur á grundvelli verk-efna stofnunarinnar, þar á meðal langtíma þjónustuverkefna, og að forstöðumaður sé ráðinn fyrir hverju setri. Sé forstöðumaður ráðinn til seturs er hann ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu og annast daglegan rekstur í umboði hennar. Forstöðumaður hefur eftirlit með starfsmönnum setursins og fjármálum auk þess að gera rekstraráætlanir og stýra rannsóknarverkefnum.

#### 4. gr.

##### *Aðstaða.*

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 9. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

5. gr.

*Stjórn.*

Háskólaráð skipar stofnuninni ellefu manna stjórn til þriggja ára í senn. Fjórir stjórnarmanna eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar. Þrír stjórnarmanna eru skipaðir af háskólaráði samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina sbr. 2. mgr. 1. gr. Fjórir stjórnarmanna eru skipaðir að fengnum tillögum þeirra sem aðild eiga að stofnuninni, sbr. 6. gr.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skal velja þriggja til fimm manna framkvæmdastjórn undir forystu stjórnarformanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun stjórnar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.

6. gr.

*Aðild.*

Aðild að stofnuninni geta átt prófessorar, dósentar og lektorar (þ.m.t. erlendir sendikennarar) við Háskóla Íslands. Einnig aðrir sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem stundakennarar, gistikennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og framhaldsnemar.

Auk þessa geta aðrir fræðimenn, innan eða utan Háskólans, átt aðild að stofnuninni.

Stjórnin veitir aðild að stofnuninni á grundvelli umsóknar eða tillögu. Þeir sem aðild eiga að stofnuninni taka þátt í tillögugerð um stjórnarmenn sbr. 1. mgr. 5. gr. en um frekari þátt þeirra í stjórnun stofnunarinnar skal kveðið í starfsreglum sem stjórnin setur.

7. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send samstarfsaðilum sem aðild eiga að stjórn.

Ef forstöðumaður er ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

8. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina, setur henni rannsóknarstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin getur skipað starfshópa til að vinna að framgangi tiltekinna mála til lengri eða skemmri tíma. Sérstaka áherslu skal leggja á að fá einstaklinga utan stjórnar í starfshópana, einkum erlenda fræðimenn og aðra sem aðild eiga að stofnuninni. Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórn efnir til ársfundar. Ársfund skal að jafnaði halda á fyrsta ársfjórðungi, og leggja þar fram ársskýrslu, fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsyfirlit síðasta árs. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar og um rannsóknastefnu. Ársfundinn sitja auk stjórnar og starfsmanna, þeir sem aðild eiga að stofnuninni sbr. 6. gr. sem og gestir.

#### 9. gr.

##### *Forstöðumaður og starfslið.*

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

#### 10. gr.

##### *Fjármál.*

Tekjur Alþjóðamálastofnunar eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag frá þeim sem aðild eiga að stjórn stofnunarinnar sbr. 2. mgr. 1. gr., enda verði gerðir sérstakir samningar þar um.
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

#### 11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 212/1990 um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*